Nr. 19 30. mars 2016

# LÖG

**um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992, með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Ólögmætur er sá sjávarafli:

a. sem er umfram það aflamark eða krókaaflamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,
b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,
d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,
f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 2016.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.** **Einar K. Guðfinnsson.** **Markús Sigurbjörnsson.**
(L. S.)

*Sigurður Ingi Jóhannsson.*

A-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2016